

# Íþróttir fyrir alla

„Það er slæmur leikur þegar enginn er sigurvegari.“

Ítalskur málsháttur

## MÁLEFNI



## ÍÞRÓTTIR



## MISMUNUN



## HEILBRIGÐI

## ÞYNGDARSTIG



## STIG 2

## HÓPSTÆRÐ



## 8+

## TÍMI



## 120 MÍNÚTUR

<b>Málefni</b>	Íþróttir, mismunun og útlendingahatur, heilbrigði
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 2
<b>Hópstærð</b>	8+
<b>Tími</b>	120 mínútur
<b>Yfirlit</b>	<p>Þetta er verkefni sem reynir mjög á þrek þátttakenda. Þeir eiga að nota ímyndunaraflíð og sköpunargáfuna til að finna upp nýja leiki. Meðal mál-efna sem fjallað er um:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Leikreglur, réttlæting þeirra og eftirlit með þeim.</li> <li>• Hugmyndin um mannréttindi sem lífsreglur.</li> <li>• Mismunun í íþróttum.</li> </ul>
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Rétturinn til heilbrigðis.</li> <li>• Jöfnuður að virðingu og réttindum.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að vekja þátttakendur til vitundar um útilokun fólks frá íþróttum af félagslegum eða pólitískum ástæðum.</li> <li>• Að þroska hæfileika til hópvinna, samvinnu og skapandi starfa.</li> <li>• Að hvetja þátttakendur til að líta á mannréttindi sem reglur um heiðarlegan leik í lífinu.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<p>Eitt sett af eftirfarandi á hvern fjögurra manna hóp:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjórar stórar fötur eða ruslakörfur.</li> <li>• Einn hnykill með grófu bandi.</li> <li>• Tveir boltar á stærð við fótbolta.</li> <li>• Tvö dagblöð.</li> <li>• Einn krítarmoli.</li> <li>• Ein skæri.</li> </ul>

## Leiðbeiningar

1. Segðu þátttakendum frá hreyfingunni „Íþróttir fyrir alla“. Segðu þeim að í tilefni aldamótanna hafi Íþróttasambandið ákveðið að efna til samkeppni um nýjan leik sem allir geti tekið þátt í.
2. Láttu þátttakendur skipta sér í fjögurra manna hópa.
3. Segðu þeim að hver hópur hafi tuttugu mínútur til að úthugsa leik þar sem búnaðurinn sem þeir fá afhentan er notaður. Hver hópur á sjálfur að ákveða markmið og reglur nýja leiksins.
4. Láttu hópana prófa leiki hinna.

## Samantekt og mat

Fyrst ætti að skoða hvernig samskipti þátttakenda innan hópanna voru og hvort þeim fannst verkefnið skemmtilegt. Síðan ætti að ræða leikina sjálfa og reglurnar sem þátttakendur sömdu, og loks um íþróttir og leiki í lífinu sjálfu.

- Hvernig gekk að hugsa út leik?
- Hvernig unnu hóparnir? Lýðræðislega eða ákvað einhver einn allt?
- Skiptu menn með sér verkum? Var til dæmis einn sem fékk hugmyndir, annar sem útfærði þær nánar, enn einn sem var laginn að skipuleggja leikinn o.s.frv.?
- Hvaða leikur þótti þátttakendum skemmtilegastur? Hvað gerir leik að „góðum leik“?
- Hvaða hópum fannst þurfa að breyta reglunum þegar þeir prófuðu að fara í leikinn með öðrum? Hvers vegna þurftu þeir að breyta reglunum og hvernig gerðu þeir það? (Var þetta eitthvað sem allur hópurinn gerði, aðeins fáir eða bara einn einstaklingur?)
- Hversu mikilvægt er það að vera með skýrt markmið og sanngjarnar reglur svo að öllum finnst þeir geta verið með?
- Fannst öllum þeir geta tekið fullan þátt í leiknum eða fannst sumum þeir njóta forréttinda og öðrum að þeir yrðu útundan?
- Hvernig eru sumir hópar í reynd útilokaðir frá íþróttum? Hvers konar útilokun telst vera brot á mannréttindum?
- Líta má á greinarnar í Mannréttindayfirlýsingu SP sem reglur um líf í margbrotnum heimi. eru þetta góðar reglur? eru þær t.d. fyllilega viðunandi fyrir alla þátttakendurna (alla í heiminum)? eru nægilega margar reglur eða eru þær of margar? eru reglurnar sanngjarnar? fara allir þátttakendur (öll lönd) eftir reglunum?

## Ábendingar til leiðbeinanda

Gæta skal þess að hóparnir séu „blandaðir“, að í þeim séu t.d. hávaxnir og lágvaxnir, fólk með gleraugu og gleraugnalaut, fólk af báðum kynjum, á mismunandi aldri, misjafnlega fært í íþróttum o.s.frv.

Byrja má á hugarflugi um leiki almennt, en það fer eftir því hvernig hópurinn er samsettur. Til dæmis þarf að koma fram að í leikjum verði að vera skýr markmið eða viðfangsefni og reglur.

Ef til vill þarf að setja mörk, til dæmis að leikurinn verði að fara fram á vissum stöðum eða hann megi ekki vera lengri en tuttugu mínútur. Ef gallar finnast á leiknum eftir að byrjað er að leika hann á að leyfa höfundunum að breyta reglunum.

Tengja má umræðurnar mannréttindum á ýmsan hátt. Skoða má það sem er líkt og ólíkt með reglum og mannréttindum. Líkt og mannréttindi eiga góðar reglur að tryggja að leikurinn sé sanngjarn með því að yfirráð sumra leikmanna yfir öðrum séu takmörkuð. Reglurnar verða að taka til allra leikmanna með sama hætti, rétt eins og mannréttindi eru algild. Margar reglur lýsa réttindum samhliða skyldum. Til dæmis má knattspyrnumaður sparka í boltann en ekki í mótspilara. Refsingar eru við brotum á reglunum.

Ákvörðunum um að breyta reglunum má líkja við það hvernig lögum er breytt í „raunveruleikanum“. Er þeim breytt með tilskipunum, með löggjöf eða með almennri atkvæða-

## Lykildagsetning

10. október

Alþjóðageðheilbrigðis-  
dagurinn

greiðslu eða í samráði við frjáls félagasamtök og aðra? Í samantektinni kunna þátttakendur að halda því fram að útilokun og mismunun sé ekkert stórmál því að fólk velji sér bara þær íþróttagreinar sem henti því best. Til dæmis geti hávaxnir spilað körfubolta og þeir sem eru fremur værukærir geti stundað snóker eða skák. Hvað sem því líður skapar það vandamál ef aðeins efnileg ungmenni fá alla athyglina og öll tækifærin til að keppa en þau sem vilja stunda íþróttina sér til ánægju verða útundan. Fólk er útilokað frá sumum íþróttagreinum af efnahagslegum ástæðum, útbúnaður og þjálfun getur verið svo kostnaðarsöm.

Segja mætti hópnum frá „götuíþróttaverkefninu“, átaki með ungmennum í Balkanlöndunum sem á að efla umburðarlyndi og mannréttindi (sjá ítarefnið um íþróttir og mannréttindi á bls. 391).

## Tilbrigði

Ef þessu verkefni er fyrst og fremst ætlað að efla færni í hópstarfi getur einn hópur búið til leik sem byggist á samvinnu og annar leik sem byggist á samkeppni. Í samantektinni mætti svo bera það saman hversu skemmtilegir leikirnir voru.

## Tillögur um framhald

Ef hópurinn hefur áhuga á öðrum málum sem snerta mannréttindi er bent á verkefnið „Leiðin til „Jafnréttislands““, á bls. 151, þar sem fjallað er um jafnrétti kynjanna.

## Hugmyndir um aðgerðir

Hópurinn gæti sameinast um að skipuleggja „íþróttadag“. Þá mætti bjóða ungmennum úr öðrum félögum til að leika nýju leikina. Hópurinn þarf að finna út hvernig hægt er fá sem flesta til þátttöku.

## Nánari upplýsingar

„Íþróttir fyrir alla“ er hreyfing sem boðar þá ólympísku hugsjón að íþróttir séu mannréttindi allra, óháð kynþætti, þjóðfélagsstöðu og kyni. Hreyfingin styður íþróttir sem fólk á öllum aldri getur stundað, af báðum kynjum og við ólíkar félagslegar og efnahagslegar aðstæður. [www.olympic.org/ioc/e/org/sportall](http://www.olympic.org/ioc/e/org/sportall)